Messur

Guðsþjónustur

Árbæjarprestakall: Guðsþjónusta kl. 11 árdegis. Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson messar. Organleikari Jón Mýrdal. Söknarprestur.
Ásprestakall: Guðsþjónusta kl. 11. Síðasta guðsþjónusta fyrir sumarleyfi prests og starfsmanna kirkjunnar. Árni Bergur Sigurbjörnsson.
Breiðholtskirkja: Messa kl. 14. Altarisganga. Organisti Daníel Jónasson. Ath. breyttan messutíma. Að guðsþjónustu lokinni verður haldinn aðalfundur Breiðholtssafnaðar. Sr. Gísli Jónasson.
Bústaðakirkja: Sjómannadagurinn: Sjómannamessa með þátttöku sjómanna kl. 11. Ræðumaður Ásgeir Jakobsson. Organisti Guðni Þ. Guðmundsson. Sr. Pálmi Matthíasson.
Dómkirkjan: Sjómannadagurinn: Sjómannamessa kl. 11. Biskup Íslands, herra Ólafur Skúlason, prédikar og minnist látinna sjómanna. Sr. Hjalti Guðmundsson þjónar fyrir altari. Einsöngur Ingibjörg Marteinsdóttir. Sjómenn lesa ritningarorð. Dómkórinn syngur. Organleikari Marteinn Hunger Friðriksson. Dómkirkjan.
Elliheimilið Grund: Guðsþjónusta kl. 10.00. Sr. Magnús Björnsson.
Fríkirkjan Í Reykjavík: Guðsþjónusta kl. 14.00. Miðvikudagur 13. júní: Morgunandakt kl. 7.30. Orgelleikari Pavel Smid. Cecil Haraldsson.
Fella- og Hólakirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Prestur sr. Guðmundur Karl Ágústsson. Organisti Guðný M. Magnúsdóttir. Sóknarprestar.
Grensáskirkja: Safnaðarferð Grensássóknar austur í Fljótshlíð. Farið verður frá Grensáskirkju kl. 10. Snæddur málsverður í Goðalandi. Guðsþjónusta í Breiðabólstaðarkirkju kl. 14. Sr. Halldór S. Gröndal prédikar, sr. Sváfnir Sveinbjörnsson prófastur þjónar fyrir altari. Kostnaður kr. 1.200. Þriðjudagur: Kirkjukaffi í Grensási. Þriðji biblíulestur sr. Jónasar Gíslasonar vígslubiskups um postulasöguna kl. 14. Kaffi og heimabakað. Prestarnir.
Hallgrímskirkja: Sjómannadagurinn: Messa kl. 11. Sr. Karl Sigurbjörnsson. Þriðjudagur: Fyrirbænaguðsþjónusta kl. 10.30. Beðið fyrir sjúkum.
Landspítalinn: Messa kl. 10. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson.
Háteigskirkja: Hámessa kl. 11. Sr. Arngrímur Jónsson. Kvöldbænir og fyrirbænir eru í kirkjunni á miðvikudögum kl. 18.
Kópavogskirkja: Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 11. Sr. Þorbergur Kristjánsson.
Langholtskirkja: Kirkja Guðbrands biskups. Guðsþjónusta kl. 11. Ræðuefni: atvinnan. Sr. Þórhallur Heimisson.
Laugarneskirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Heitt á könnunni eftir guðsþjónustuna. Kyrrðarstund í hádeginu á fimmtudögum, orgelleikur, fyrirbænir, altarisganga. Sóknarprestur.
Neskirkja: Messa kl. 11. Fermd verður Kolbrún Tinna Ragnarsdóttir, Tjarnargötu 47. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson. Orgel og kórstjórn Reynir Jónasson. Miðvikudagur: Fyrirbænamessa kl. 18.20. Sr. Frank M. Halldórsson.
Seljakirkja: Guðsþjónusta kl. 20. Ath. breyttan messutíma. Eiríkur Pálsson leikur einleik á trompet. Organisti Jakob Hallgrímsson. Guðsþjónustur verða áfram á sunnudagskvöldum kl. 20 í sumar. Sóknarprestur.
Seltjarnarneskirkja: Messa kl. 11. Organisti Gyða Halldórsdóttir. Prestur sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir.
Kirkja óháða safnaðarins: Guðsþjónusta kl. 11. Organisti Jónas Þórir. Þórsteinn Ragnarsson safnaðarprestur.
Hafnarfjarðarkirkja: Morgunsöngur kl. 11. Ath. breyttan tíma. Tónleikar kórs Hafnarfjarðarkirkju kl. 17 með hljóðfæraleikurum og einsöngvurunum Esther Helgu Guðmundsdóttur og Guðnýju Árnadóttur. Stjórnandi Helgi Bragason. Gunnþór Ingason.
Eyrarbakkakirkja: Messa kl. 10.30. Sóknarpestur.
Stokkseyrarkirkja: Messa kl. 14. Söknarpestur.

Ferðalög

Ferðafélag Íslands

Laugardagur 9. júní kl. 09
Sögueóður Njálu. Mjög fróðleg og skemmtileg öku- og skoðunarferð um helstu sögustaði Njálssögu. Staðir sem margir hafa heyrt eða lesið um en ef til vill ekki séð fyrr. Farastjóri: Sigurður Kristinsson. Aðeins þessi eina ferð. Verð 1.800 kr.
Sunnudagur 10. júní:
1. Kl. 10 Fjall mánaðarins: Esja. Gengið á hæsta hluta Esjunnar yfir Hátind (909 m.y.s.) og Hábungu (914 m.y.s.) Verð 1000 kr.
2. Kl. 13 afmælisgangan, 6. ferð.
Skógarkotsvegur – Gjábakki. Nú er hver gönguleiðin annarri fallegri. Gengið um gamla skógarstíga á Þingvöllum. Með í för verður Pétur Jóhannsson frá Skógarkoti sem þekkir svæðið flestum betur. Nú eru þátttakendur í afmælisgöngunni orðnir um 500. Gengið er í 12 áföngum frá Reykjavík í Hvítárnes í tilefni 60 ára afmælis Hvítárnesskála. Ferðagetraun og happdrætti. Spurning ferðagetraunar 6. ferðar: Hvað eru mörg gistipláss í Hvítárnesskála? (sjá svar í ferðaáætlun 1990). Verð 1.000, frítt í ferðirnar fyrir börn m. foreldrum sínum 15 ára og yngri. Brottför frá Umferðarmiðstöðinni, að austanverðu. **Viðey – Vesturey,** kvöldferð kl. 20 á þriðjudagskvöldið 12. júní. Nýja listaverkið skoðað. Brottför frá Sundahöfn. Heiðmörk, skógræktaferð á miðvikudagskvöld kl. 20.

Námskeið


Námskeið í hugrækt, heilun og líföndun

Námskeið verður haldið helgina 9. og 10. júní nk. í hugrækt, heilun og líföndun og mun það standa yfir í 10 klst. Þetta verður síðasta námskeiðið þar til í september nk. Námskeiðið er tilvalið fyrir þá sem vilja auka innsæi, næmi og efla sjálfan sig á allan hátt. Verð á námskeiðinu er kr. 7.000. Leiðbeinandi er Friðrik Páll Ágústsson A. V. P. en hann hefur leiðbeint yfir 300 manns á þessum námskeiðum. Til að fá nánari upplýsingar er hægt að hafa samband við Lífsafl í síma 622273.

Tónleikar

Snæfellingakórinn í Reykjavík

heldur tónleika að Breiðabliki í Miklaholtshreppi laugardaginn 9. júní kl. 21. Söngskráin er fjölbreytt, lög eftir innlend og erlend tónskáld. Kórinn fer í söngferðalag til Noregs 12.–22. júní og syngur í Drammen og í Osló. Söngstjóri nú eins og undanfarin ár er Friðrik S. Kristinsson.



Sýningargestur virðir fyrir sér eina höggmyndina á Kjarvalsstöðum. DV-mynd Brynjar Gauti.

Kjarvalsstaðir:

Yfirlit yfir íslenska höggmyndalist

Að Kjarvalsstöðum stendur yfir í öllu húsinu yfirlitssýning á íslenskri höggmyndalist fram til ársins 1950.

Á sýningunni eru verk eftir Einar Jónsson, Ásmund Sveinsson, Sigurjón Ólafsson, Gunnfríði Jónsdóttur, Guðmund frá Miðdal, Ríkarð Jónsson, Magnús Á. Árnason, Nínu Sæmundsson og Martein Guðmundsson.

Sýningin er framlag Kjarvalsstaða til Listahátíðar 1990. Kjarvalsstaðir eru opnir daglega frá kl. 11–18 og er veitingabúðin opin á sama tíma.

Opið hús hjá Búseta

Opið hús verður hjá Búseta svf. sunnudaginn 10. júní næstkomandi kl. 13–18. Búseti flutti nýlega í stærra og betra húsnæði að Laufásvegi 17, í hjarta borgarinnar.

Mikil gróska er í starfi Búseta núna og eru fjörutíu og átta íbúðir í byggingu og ennfremur hefur félagið fengið lán til byggingar sjötíu íbúða til viðbótar. Allir Búsetar jafnt sem aðrir eru velkomnir í kaffi og meðlæti og eru allar upplýsingar veittar á staðnum.

Tilkynningar

Bláfell flytur

Heildverslunin Bláfell, sem var að Smiðjuvegi 4c, Kópavogi, flutti þann 10. apríl í nýtt eigið húsnæði í Faxafeni 12, 108 Reykjavík. Þessi breyting gerði það kleift að jafnframt opna nýja hljómtækjaverslun og sýningaraðstöðu fyrir aðrar vörur sem Bláfell dreifir í heildsölu. Hljómtækjaverslunin selur vörur sem framleiddar eru af Elta en það er vörumerki vesturþýska fyrirtækisins Eltatronic Wunche. Bláfell dreifir einnig vörum til byggingavöruverslana. Þessi nýja aðstaða gerir fyrirtækinu mögulegt að auka þjónustu við viðskiptavini sína. Myndin var tekin í nýju versluninni og á myndinni eru eigendur. Talið frá vinstri: Magnús Karlsson, Jóhann Viðarsson og Viðar Arthúrsson.

MT stúdentar 1975

Stúdentar sem útskrifuðust frá Menntaskólanum við Tjörnina 1975 ætla að hittast í kvöld, 8. júní, í félagsheimili Rafveitunnar við Elliðaár og rifja upp gömlu kynnin. Húsið verður opnað kl. 20.30. Matur kl. 22. Veislustjóri verður Stefán Jón Hafstein og ræðumaður kvöldsins Einar Már Guðmundsson. Diskótekið Dollý heldur uppi fjörinu. Miðaverð 2000 krónur. Mætum öll í spariskapinu.




Norræn mannfræðiráðstefna:

Að skilja og þýða

Dagana 9. til 11. júní verður haldin í Reykjavík fjórtánda ráðstefna norrænna mannfræðinga. Þema ráðstefnunnar, „að skilja og þýða", er sígilt viðfangsefni í mannfræði.

Mannfræðin er í eðli sínu glíma við þýðingarvanda þar sem hún freistar þess að varpa ljósi á framandi samfélög – gera þau skiljanleg. Mannfræðingar eru þó ekki á einu máli um þýðingarvandann. Sumir hafa haldið því fram að þýðing sé nánast óhugsandi,. Aðrir benda á að sífellt sé verið að þýða og verði ekki betur séð en fólki verði nokkuð ágengt. En hvað skilur á þá á milli „góðrar" þýðingar og „slæmrar".

Á ráðstefnunni verða flutt um fimmtíu erindi. Hefur nokkrum heimskunnum mannfræðingum verið sérstaklega boði að flytja erindi.



Baldvin Halldórsson er einn fjögurra leikara sem leika í Stefnumóti og voru með í opnunarsýningu Þjóðleikhússins.

Þjóðleikhúsið:

Leikarar á ferð um Vesturland

Leikarar frá Þjóðleikhúsinu eru nú lagðir af stað um Vesturland með sýninguna Stefnumót í farangrinum, Stefnumót var frumsýnt í Þjóðleikhúsinu rétt fyrir lokun hússins í marsbyrjun og var síðan sýnt í Iðnó. Fyrsta sýningin var á miðvikudagskvöld í Búðardal. Í kvöld verður sýnt í Ólafsvík, á morgun á Hellissandi og á sunnudag á Akranesi.

Stefnumót er byggt upp á örleikritum eftir Peter Barnes, Michel de Ghelderode, Eugene Ionesco og David Mamet. Sýningin markar að ýmsu leyti tímamót í sögu Þjóðleikhússins. Tveir leikendanna hættu í vetur sem fastráðnir leikarar við húsið og fóru á eftirlaun, Bessi Bjarnason og Rúrik Haraldsson. Fjórir leikaranna voru með í opnunarsýningum hússins og eiga því 40 ára starfsafmæli, þau Baldvin Halldórsson, Bryndís Pétursdóttir, Herdís Þorvaldsdóttir og Róbert Arnfinnsson. Auk þeirra leika Anna Kristín Arngrímsdóttir, Arnar Jónsson, Bríet Héðinsdóttir, Gunnar Eyjólfsson og Tinna Gunnlaugsdóttir.

Skoðunarferð á vegum Hins íslenska náttúrufræðifélags

Nk. sunnudag 10. júní, verður farin skoðunarferð á vegum Hins íslenska náttúrufræðifélags. Farið verður í Straumsvík. Þar verður lífríki fjörunnar skoðað á útfallinu og síðan verður gengið upp í Hrauntungu. Leiðsögumenn verða prófessor Agnar Ingólfsson og Snorri P. Snorrason jarðfræðingur. Farið verður frá Umferðarmiðstöðinni kl. 12 á hádegi og heim um kl. 17 frá Straumsvík en um kl. 19 frá Hrauntungu.

Laugardagsganga Hana nú

Vikuleg laugardagsganga Hana nú í Kópavogi verður á morgun. Lagt af stað frá Digranesvegi 12 kl. 10. Laugardagsgangan er fyrir alla. Púttvöllur Hana nú á Rútstúni er öllum opin.

Landsþing ITC á Íslandi

Fimmta landsþing Landssamtaka ITC á Íslandi verður haldið að Hótel Örk, Hveragerði, dagana 8.–10. júní nk. Kjörorð þingsins er: Vex vitund, vex þor". Hið árlega landsþing ITC á Íslandi er nú haldið í 5. skipti. Þingsetning hefst kl. 20 í kvöld að Hótel Örk, Hveragerði. Laugardaginn 9. júní kl. 9.30 hefst félagsmálahluti fundarins. Á dagskrá verður m.a. kosning stjórnar fyrir næsta kjörtímabil. Heiðursgestur landsþingsins er Toni Hanrahan, varaforseti V. svæðis, og er hún fulltrúi alþjóðastjórnarinnar á þinginu. Meðal fyrirlesara á þinginu má nefna Baldvin Jónsson auglýsingastjóra er flytur erindi um ferðamál á Íslandi. Hrafnhildur Scram listfræðingur mun flytja erindi um myndlist kvenna á Íslandi og